

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100585/hj

Móttökustöð Hringrásar fyrir brotamálm og spilliefni á Akureyri

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2010 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhuguð framkvæmd snýr að byggingu móttökustöðvar fyrir brotamálm, dekk og spilliefni á um 13.500 m² lóð við Ægisnes á Akureyri. Í stöðinni verður úrgangurinn flokkaður og forunninn til útflutnings. Áætlað magn spilliefna er um 200 tonn á ári. Í erindinu kemur fram að tekið hefur verið á móti brotamálmum á þessari lóð í meira en 10 ár, lóðin sé niðurgráfin, 4 m háar manir muni umkringja hana og frárennsli svæðisins verði tengt olíugildru. Gert er ráð fyrir að brotamálmshaugar geti náð 6-7 m hæð.


Ennfremur kemur fram að bílhæ verða hreinsuð af spilliefnum, bíldekk og rafgeymar fjarlægðir og hræin svo pressuð og geymd á staðnum þar til þeim er skipað út. Framkvæmdaaðili gerir ráð fyrir að meðhöndlun spilliefna fari fram í lokaðri þró og frárennsli verði hreinsað.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi móttökustöðva eru settar kröfur m.a. varðandi hreinsun frárennslis og meðferð spilliefna.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt


Helgi Jónsson
ráðgjafi


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri